



Ársskýrsla Fagdeildar lungnahjúkrunarfræðinga starfsárið mars 2020 - apríl 2021

Félagafjöldi: Virkir félagar, eins og kemur fram í listum frá Fíh, eru 60 og heiðursfélagar 11, þ.e. félagar sem eru 67 ára eða eldri.

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Jónína Sigurgeirsdóttir formaður, Kolbrún Sigurlásdóttir gjaldkeri, Sigríður Birta Kjartansdóttir ritari, Hafdís Hafþórsdóttir meðstjórnandi og Aðalheiður Lilja Bjarnadóttir meðstjórnandi.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári (ný stjórn ef um breytingar er að ræða): Kolbrún Sigurlásdóttir gjaldkeri, Hafdís Hafþórsdóttir. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hverjir munu setjast í þau þrjú sæti sem losna í stjórn.

Félagsgjald: 3000 kr.

Stjórnarfundir: 4

Innlend starfsemi:

Hér skal telja upp helstu verkefni eða starfsemi fagdeildar á liðnu starfsári s.s. fræðslufundir, ráðstefnur, þing, fréttabréf, facebook síða, vefsvæði, heimsóknir, vísindaferðir, biókvöld, samstarf við aðrar fagdeildir og eða aðrar heilbrigðisstéttir, samstarf við Fíh, fundir sem fagdeildin sat t.d. fundir með fagsviði Fíh, gerð gæðahandbókar, endurskoðun starfreglna, stefna fagdeilda í hjúkrunar- og heilbrigðismálum, ályktanir og svo framvegis eða hvaðeina sem fagdeildin hefur verið að gera og vill segja frá.

Ný stjórn tók við á aðalfundi 26. maí 2020, en fundurinn var haldinn í Samkomusal Reykjalundar.

Áfram sitja í stjórn Aðalheiður Lilja Bjarnadóttir meðstjórnandi, Sigríður Birta Kjartansdóttir ritari og Jónína Sigurgeirsdóttir formaður. Nýir stjórnarmenn sem tóku við eru Kolbrún Sigurlásdóttir gjaldkeri og Hafdís Hafþórsdóttir meðstjórnandi. 16 félagar tóku þátt í fundinum á staðnum og einn þátttakandi var með í gegnum fjarfundarbúnað. Starfsreglur fagdeildarinnar voru skoðaðar og samþykktar án athugasemda. Fundarstjóri var Alda Gunnarsdóttir.

Í kjölfar aðalfundar var haldið málþing um reynslu af umönnun COVID sýktra í mars og apríl 2020. Prófessor Helga Jónsdóttir stýrði málþinginu.

- Guðbjörg Pétursdóttir sagði frá því hvernig starfið breyttist á Reykjalundi,
- Sigríður Heimisdóttir, Guðbjörg Vallý Ragnarsdóttir og Guðrún Árný Guðmundsdóttir sögðu frá starfinu á lungnadeild A6,
- Kolbrún Sigurlásdóttir tók þátt með hjálp fjarfundarbúnaðar og sagði frá því þegar hún, ásamt fleiri sjálfbóðaliðum tókst á við neyðarástand sem

varð á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungavík þegar COVID barst inn á heimilið og allt fasta starfsfólkið þar þurfti að fara í einangrun.

- Björg Eysteinsdóttir og Edda Gunnarsdóttir sögðu frá breytingum á starfi hjúkrunarfræðinga á svefnrannsóknadeild
- Bryndís Halldórsdóttir og Þorbjörg Sóley Ingadóttir sögðu frá breytingum á starfi við hjúkrun langveikra heima
- Sigríður Erla Sigurðardóttir sagði frá hringiteymi og COVID göngudeild
- Alda Gunnarsdóttir sagði frá mikilvægi gæðaskjala við bráðaaðstæður
- Helga Jónsdóttir gerði stutta samantekt og þakkaði gestum fyrir þátttökuna.

Á þessum tímapunkti vonuðust allir til þess að COVID væri að láta undan. Engin okkar átti von á því að Reykjalundur ætti eftir að leggjast á hliðina haustið 2020 vegna sýkingar sem laumaðist inn á Miðgarð, sólarhringsdeildina og setti í kjölfarið starfsemi dagdeilda og Miðgarðs í dvala í margar vikur, en sú varð því miður raunin.

Veitingar á aðalfundi og málþingi voru keyptar af Yndisauka og til að fækka sameiginlegum snertiflötum vegna COVID voru keypt lítil “nestisbox” sem hver og ein tók fyrir sig og drykkir voru sérpakkaður safi, gos eða kókómjólk, líka tekið af hverri fyrir sig. Mikil ánægja var með málþingið og veitingarnar.

Samhliða tilkynningu til RSK um breytingu á stjórn 2020 var ákveðið að breyta lögheimili fagdeildarinnar yfir á Suðurlandsbraut 22, til einföldunar vegna gjaldkeraskipta. Ef póstur berst þangað mun starfsmaður skrifstofu senda póstinn áfram til Kolbrúnar, sem tók nú við gjaldkeraembættinu.

Vegna COVID voru fáir fundir haldnir í eigin persónu á árinu, en stjórnin hittist nokkrum sinnum á TEAMS.

Starfsemi fagdeildarinnar var í skötulíki allt árið vegna samkomutakmarkana. Í janúar 2020 skilaði stjórn fagdeildarinnar þó umsögn til Fíh um drög að breytingu á frumvarpi til laga nr.87_2018 um rafrettur og áfyllingar, með breytingum frumvarps um nikótínvörur.

Formaður tók þátt í fundi formanna fagdeilda á vegum fagsviðs Fíh þann 9. mars 2021, en næsti fundur þar á undan rakst á við aðgerðir á Reykjalundi vegna COVID. Á formannafundum gefst formönnum mikilvæg innsýn í starfsemi annarra fagdeilda og þar er oft kastað á milli hugmyndum um mögulegar aðgerðir eða viðburði.

Ef Innlendur styrkur frá Fíh þá skal geta þess og í hvað hann var notaður. Til stóð að nýta innlendan styrk frá Fíh til að greiða fyrir veitingar á aðalfundi. Vegna misskilning var

reikningurinn ekki innheimtur fyrir lokun ársreiknings. Hann verður því gjaldfærður á næsta fjárhagsári.

Starf nefnda innan fagdeilda t.d. fræðslunefnda. Á ekki við.

Starf sjóða t.d. styrktarsjóða. Hverjir fengu styrk, í hvað og upphæð.

Karin Sandberg fékk styrk úr Menntasjóði vegna námskeiðs, að upphæð 40.000 krónur.

Erlent samstarf

Norrænt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við.

Evrópskt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við.

Alþjóðlegt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við.

9. apríl 2021

Jónína Sigurgeirsdóttir